

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Arnarlax ehf. Gileyri, Tálknafirði



Dags eftirlits	11.6.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Auður Eyberg Helgadóttir
Fyrirtæki	Arnarlax ehf.	Eftirlitsmaður	Auður Eyberg Helgadóttir
Heimili	Miðtún 13	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	580310-0600	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Silja Baldvinsdóttir	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik komu fram í eftirliti: Framleiðsla ársins 2023 var rúmlega 239,9 tonn sem var umfram þau 200 tonn sem heimilt er skv. starfsleyfi í stöðinni.

Tvær ábendingar voru gerðar: 1)Töluvert af fugli var við frárennslið. 2) Rekstraraðila er bent á að skrá afföll í ársyfirlit og græna bókhaldið.

Eitt frávik var opið þegar eftirlitið fór fram: 1) Olúgeymir var óvarinn á stað sem var opin fyrir akandi umferð. Í eftirlitinu 11.júní síðast liðinn þá var búið að færa olúgeymi þannig að hann er ekki á miðju keyrslusvæði og setja stórt grjót til að verja hann fyrir aksturstækjum. Telst því frávikinu lokað.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Rekstraraðila var heimilt að framleiða allt að 200 tonn hámark lífmassa á hverjum tíma af laxfiski.

Eftirlitið sjálft fór fram 11. júní sl. og rafrænn fundur var haldinn 22. ágúst sl.

Boðað umfang eftirlitsins var:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skil samkvæmt því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna

1. Eitt frávik kom fram í eftirlitinu árið 2023 hvað varðar að olúgeymir var óvarinn á stað sem var opin fyrir akandi umferð en engar ábendingar voru settar fram. Í eftirliti árið 2024 þá var búið að færa olúgeymi þannig að hann er ekki á miðju keyrslusvæði og setja stórt grjót til að verja hann fyrir aksturstækjum. Telst því frávikinu lokað.

2. Áhættumat 2024 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu

3. Rekstraraðili er með umhverfismarkmið. Framleiðsla fyrir árið 2023 var 239,9 tonn og var því framleiðslan yfir leyfilegum hámarks lífmassa sem voru 200 tonn. Rekstraraðili fékk nýtt starfsleyfi 18. janúar 2024 með heimild upp á 1000 tonn. Telst því frávikinu lokað. Notað var 283,5 tonn af fóðri árið 2023 sem gefa FCR 1,18. Grænu bókhaldi var skilað inn 6. maí og ársyfirlitinu var skilað inn 26. júní sl. Það vantar skráningar á afföllum í bæði bókhöldin. Minnt var á að skila þeim inn fyrir 1. maí ár hvert og með öllum upplýsingum.

4. Útreikningar á heildarlosun fosfórs út frá fóðri var 7,9 kg P/tonn sem er innan leyfilegra marka samkvæmt gr. 3.4. í starfsleyfi.

5. Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar sem og neyðaráætlun vegna tímabundinnar eða varanlegrar stöðvunar reksturs er til staðar.

6. Útisvæðið er orðið snyrtilegt og búið að malbika planið. Ekki var að sjá neitt grugg í frárennslinu,

þó voru nokkrir fuglar við frárennslið sem er undir sjávarmáli.

7. Efni voru geymd á lekabyttum og öryggisblöð voru á áberandi stað sem og QR kóði með upplýsingum um hættu.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Samkv. starfsleyfi 2.12.2023.	Rekstraraðili hefur heimild til að starfrækja land- og kvíaelði að 200 tonnum á Gileyri við Tálknafjörð. Framleiðsla ársins 2023 var 239 tonn, sem eru 39 tonn yfir heimild.



## ÁBENDINGAR

Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu:

- 1) Töluvert af fugli var við frárennslið sem er undir sjó.
- 2) Rekstraraðila er bent á að skrá afföll í ársyfirlit og græna bókhaldið.

## ANNÆÐ

Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila eða eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

Reykjavík, 24.09.2024

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

---

Auður Eyberg Helgadóttir

